

Sáttmáli

Okkar fyrirtæki hefur skráð sig sem hluta af Vestfjarðaleiðinni #TheWestfjordsWay. Það felur í sér að við skuldbindum okkur til þess að veita okkar gestum eins góða upplifun og við getum. Við leggjum áherslu á að:

- 1) Vera einstök** – bjóða gestum upp á upplifun sem þeir gleyma ekki – ekki bara upplifun sem þeir geta keypt.
- 2) Virkja skilningarvitin** – bjóða upp á upplifanir sem snúast ekki bara um það að sjá, heldur einnig um hljóð, lykt, bragð og áferð.
- 3) Vera aðgengileg** – að veita allar upplýsingar sem gestir þurfa á að halda (opnunartíma, hvernig megi hafa samband, staðsetningu o.s.frv.) á okkar rafrænu miðlum og svara fyrirspurnum hratt og örugglega í síma, tölvupósti og í gegnum samfélagsmiðla.
- 4) Hafa gæði og öryggi í fyrirrúmi** – að hjálpa gestum að upplifa Vestfjarðaleiðina á öruggan hátt með því að veita leiðsögn og ráð þegar kemur að því að keyra eða ganga, til að mynda varðandi veður og aðstæður, auk þess að standast ýtrustu gæðakröfur samanborið við aðrar upplifanir á Íslandi og þó víðar væri leitað.
- 5) Vekja áhuga og virkja** – hvetja gesti til virkrar þátttöku eða móta söluvöru sem felur í sér eitthvað sem gestir geta gert sjálfir.
- 6) Vera persónuleg** – segja sögur tengdar Vestfjarðaleiðinni (sögulegar og úr samtímanum, sannar sögur og þjóðsögur) á lifandi hátt, þannig að þær flæði eðlilega og virki ekki eins og handrit fyrir ferðamenn.
- 7) Vera markviss** – að höfða sterkt til a.m.k. eins af aðalmarkhópum Vestfjarðaleiðarinnar og reyna ná til hans með öllum leiðum, þar á meðal í gegnum samfélagsmiðla.
- 8) Lengja tímabilið** – hjálpa til við að laða að gesti árið um kring og að reyna að lengja ferðamannatímabilið.
- 9) Vera leiðarvísir** – beina gestum að öðrum upplifunum á Vestfjarðaleiðinni og hjálpa þeim að setja saman sína ferðaáætlun á meðan á ferðinni stendur.
- 10) Virkja gesti sem talsmenn** – hjálpa gestum að deila sinni upplifun í gegnum samfélagsmiðla, leggja til hverju og hvernig eigi að deila því og bjóða upp á Wi-Fi.
- 11) Vera umhverfisvæn** – að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif og styðjast við það sem er umhverfisvottað.
- 12) Nota mat úr héraði (ef við á)** – útbúinn á áhugaverðan og girnilegan máta, draga það fram að maturinn sé hluti af Vestfjarðaleiðinni og veita upplýsingar um hvaðan hann kemur, framleiðendur, umhverfisáhrif, aðferðirnar við matreiðsluna o.s.frv.